

## GJALDSKRÁ um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 2002.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 2002, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) *Íbúðir:*

Sorphirðugjald kr. 9.900 á hverja íbúð.

B) *Fyrirtæki:*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur a) kr. 17.500

Flokkur b) kr. 35.000

Flokkur c) kr. 70.000

Flokkur d) kr. 140.000

Flokkur e) kr. 280.000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu í Húsavíkurkaupstað nr. 363 frá 29. september 1992 og gildir fyrir árið 2002.

*Húsavíkurkaupstað, 11. febrúar 2002.*

**Vígfús Sigurðsson** deildartæknifræðingur.